

## TILSKIPUN RÁÐSINS 2002/68/EB

2005/EES/16/06

frá 19. júlí 2002

## um breytingu á tilskipun 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs (\*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmála-nefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Gildissvið tilskipunar 2002/57/EB <sup>(3)</sup> skal einnig ná til samyrkja (s: samsettra yrkja) olíu- og trefjaplöntutegunda. Einnig er rétt að skilgreina þau skilyrði sem samyrki þurfa að uppfylla, þar á meðal lit opinbera merkimiðans sem krafist er að sé á þakningum vottaðs fræs af samyrkjum.
- 2) Fella ætti fræ af blendingsyrkjum olíu- og trefjaplöntutegunda auk sólfífils undir gildissvið tiltekinna skilgreininga í tilskipun 2002/57/EB vegna aukins vægis þeirra í bandalaginu.
- 3) Breyta ber tilskipun 2002/57/EB til samræmis við það.
- 4) Vegna aukins vægis, sem slíkt fræ hefur í bandalaginu, samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 95/232/EB <sup>(4)</sup> í þeim tilgangi að setja skilyrði sem fræ blendinga og samyrkja af reppju og akurfrækáli þurfa að uppfylla. Ákvörðun þessi féll úr gildi 30. júní 2002. Því er rétt að halda í skilyrði bandalagsins varðandi markaðssetningu slíks fræs þar til ný ákvæði koma til framkvæmda.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2002/57/EBE er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsgrein er skotið inn í 2. gr.:

„3a. Breytingar á c- og d-lið 1. mgr. í þeim tilgangi að fella undir gildissvið þessarar tilskipunar blendinga olíu- og trefjaplantna, annarra en sólfífils, skulu samþykktar í samræmi við málsmæðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 25. gr.“

2. Eftirfarandi málslið er skotið inn á eftir öðrum málslið í a-lið 1. mgr. 12. gr.:

„Þegar um er að ræða vottað fræ af samyrki skal merkimiðinn vera blár með grænu skástriki.“

3. Eftirfarandi grein er skotið inn:

„19. gr. a

1. Aðildarríkin skulu heimila markaðssetningu fræs olíu- og trefjaplöntutegunda í formi samyrkja.

2. Í 1. mgr. er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „samyрки“: samsetning af vottuðu fræi tiltekins, frjóberaháðs blendings, sem er leyft opinberlega samkvæmt tilskipun 2002/53/EB, og vottuðu fræi eins eða fleiri tiltekinna frjóbera, leyft með sama hætti og vélrænt blandað í hlutföllum sem einstaklingar, sem eru ábyrgir fyrir viðhaldi þessara þátta, ákveða í sameiningu eftir að samsetningin hefur verið tilkynnt vottunaryfirvaldinu,

b) „frjóberaháður blendingur“: karlófrjó þátturinn í „samyрки“ (kvenþátturinn),

c) „frjóberi eða frjóberar“: sá þáttur í „samyрки“ sem dreifir frjókornum (karlþátturinn).

3. Fræ af kven- og karlþáttum skulu bæsuð með fræbæsi í mismunandi lit.“

2. gr.

- Í stað dagsetningarinnar „30. júní 2002“ í 5. mgr. 5. gr. ákvörðunar 95/232/EB komi „30. júní 2003“.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilgæfingarmáli til að fara að tilskipun þessari fyrir 30. júní 2003. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 264, 2.10.2002, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2003 frá 16. maí 2003 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun), sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 39, 31.7.2003, bls. 7.

<sup>(1)</sup> Álitum var skilað 2. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(2)</sup> Álitum var skilað 17. júlí 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 154, 5.7.1995, bls. 22. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2001/18/EB (Stjtið. EB L 4, 9.1.2001, bls. 36).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Ákvæði 2. gr. gilda frá 1. júlí 2002.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. júlí 2002.

*Fyrir hönd ráðsins,*

T. PEDERSEN

*forseti.*

---